

Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1051 15. desember 2006, um starfsstig innan lögreglunnar.

1. gr.

Í stað orðsins "dómsmálaráðherra" í 1. málslíð 3. gr. og 1. mgr. og 3. mgr. 15. gr. kemur: innanríkisráðherra.

2. gr.

Við 4. mgr. 15. gr. bætist nýr málslíður: Ríkislögreglustjóri staðfestir skipurit lögregluembætta, þar með talið Lögregluskóla ríkisins.

3. gr.

Í stað 5. mgr. 15. gr. kemur ný málsgrein: Ríkislögreglustjóri sendir staðfest skipurit ásamt greinargerð sinni til innanríkisráðherra til upplýsinga.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 4. mgr. 28. gr. lögreglulaga nr. 90 13. júní 1996, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Innanríkisráðuneytinu, 1. nóvember 2013.

Hanna Birna Kristjánsdóttir.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.